

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 929/2006 um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða í dálkinum „Lagagrein“ í töflu viðauka I við reglugerðina:

- a. Í stað „5. gr.“ kemur: 7. gr.
- b. Í stað „1.-2. mgr.“ undir 5. gr. kemur: 1. og 3. mgr.
- c. Í stað „3. mgr.“ undir 5. gr. kemur: 5. mgr.
- d. Í stað „10. gr.“ kemur: 14. gr.
- e. Í stað „13. gr.“ kemur: 17. gr.
- f. Í stað „17. gr.“ kemur: 20. gr.
- g. Í stað „18. gr.“ kemur: 21. gr.
- h. Í stað „19. gr.“ kemur: 22. gr.
- i. Í stað „20. gr.“ kemur: 23. gr.
- j. Í stað „21. gr.“ kemur: 24. gr.
- k. Í stað „22. gr.“ kemur: 25. gr.
- l. Í stað „2. mgr.“ undir 22. gr. kemur: 3. mgr.
- m. 24. gr. fellur brott.
- n. Í stað „25. gr.“ kemur: 26. gr.
- o. Í stað „26. gr.“ kemur: 27. gr.
- p. Í stað „5.-6. mgr.“ undir 26. gr. kemur: 3.-4. mgr.
- q. Í stað „32. gr.“ kemur: 34. gr.
- r. Í stað „2. mgr.“ undir 32. gr. kemur: 1. mgr.
- s. Í stað „41. gr.“ kemur: 45. gr.
- t. Í stað „47. gr. a.“ kemur: 57. gr.
- u. Í stað „48. gr.“ kemur: 58. gr.
- v. Í stað „71. gr.“ kemur: 77. gr.
- w. Í stað „6. mgr.“ undir 71. gr. kemur: 5. mgr.
- x. Í stað „72. gr.“ kemur: 78. gr.
- y. 2. mgr. undir 72. gr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða í dálkinum „Tegund brots“ í töflu viðauka I við reglugerðina:

- a. Á eftir orðunum „eða á vegamótum“ við 1. mgr. 22. gr. bætast orðin: eða gangbraut.
- b. Málsliðirnir „Framúrakstur við gangbraut“ og „Ekið fram úr rétt áður en komið er að gangbraut eða á henni“ við 24. gr. falla brott.
- c. Í stað orðanna „Notkun farsíma án handfrjálts búnaðar við akstur bifreiðar“ við 1. mgr. 47. gr. a kemur: Notkun farsíma eða snjalltækis án handfrjálts búnaðar við akstur.
- d. Orðin „yngri en 15 ára“ við 2. mgr. 72. gr. falla brott.

3. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 99. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 3. janúar 2020.

F. h. r.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Sigurbergur Björnsson.